

DV



SJÓNVARPIÐ

- 17.00 **Fræðsluvarp.** 1. Ítölskukennsla fyrir byrjendur (4). – Buongiorno Italia, 25 mín. 2. Algebra. – Bókstafareikningur og þáttur.
- 17.50 **Borkell sér um heimilið.** (Torjus steller hjemme). Litill strákur hjálpar til við heimilisstörfin. Þýðandi Asthildur Sveinsdóttir. Sögumaður Unnur Berglind Guðmundsdóttir. (Nordvision – norska sjónvarpið).
- 18.10 **Litla dansmærin.** (Prima ballerina). Mynd um litla stúlku sem vill verða dansmæ. Sögumaður Unnur Berglind Guðmundsdóttir. (Nordvision – danska sjónvarpið).
- 18.30 **Rusluttunukrakkarnir.** (Garbage Pail Kids). Bandarískur teiknimyndaflokkur. Þýðandi Þrándur Thoroddsen. Leikraddir Magnús Ólafsson.
- 18.50 **Táknmálsfréttir.**
- 18.55 **Yngismær (19).** (Sinha Moa). Brasilískur framhaldsmýndaflokkur. Þýðandi Sonja Diego.
- 19.20 **Æskur Chaplins.** (Young Charlie Chaplin). Fimmti þáttur. Breskur myndaflokkur í sex þáttum. Aðalhlutverk Twiggy, Ian McShane, Joe Geary og Lee Whitlock. Þýðandi Kristmann Eðsson.
- 19.50 **Tommi og Jenni.**
- 20.00 **Fréttir og veður.**
- 20.30 **Alþingisumræður.** Bein útsending frá stefnuæðu forsetisráðherra og umræðum um hana. Seinni fréttir og dagskrárlok um eða eftir miðnætti.



- 15.30 **Beggja vegna rimlanna.** Thompson's Last Run. Þeir voru æskuvínir. Þegar hér er komið við sögu er annar þeirra að afplána lífstíðardóm innan fangelsismúra en hinn er í þann mund að setjast í helgan stein eftir vel unnin störf innan lögreglunnar. Aðalhlutverk: Robert Mitchum og Wilford Brimley.
- 17.05 **Santa Barbara.**
- 17.50 **Hetjur himingelsins.** Teiknimynd um hetjuna Garp.
- 18.10 **Bymingur.**
- 18.40 **Fjölskyldubönd.** Bandarískur gamanmyndaflokkur.
- 19.19 **19:19.** Fréttum, veðri, íþróttum og þeim málefnum, sem hæst ber hverju sinni, gerð frískleg skil.
- 20.30 **Dallas.** Framhaldsflokkur.
- 21.25 **Áskrifendaklúbburinn.** Það verður margt sem við gerum okkur til gamans í kvöld. Umsjón: Helgi Pétursson.
- 22.25 **Dómarinn.** Night Court. Spaugilegur, bandarískur framhaldsflokkur.
- 22.50 **Fjalakötturinn: Djassgeggjarar.** Jazz Comedy. Þetta er sövskur gamansöngleikur sem fjallar um ungan hjarðsvein sem fer að lifa og hrærast í leiklistarlífi Moskvuborgar. Þessi mynd þótti kærkomin tilbreyting frá hinum hefðbundnu, grimmu og stjórnmálategndu myndum sem Sovétmenn gerðu á þessum árum. Aðalhlutverk: Lybov Orlova. Leikstjóri: Grigori V. Alexandrov.
- 0.25 **Nautgripir hl.** The Cattle Company. Raunsær vestri sem gerist skömmu eftir þrælastríðið. Ungan dreng dreymir um að verða kúasmali og sækir um vinnu við nautgriparkæstur. Aðalhlutverk: Gary Grimes, Billy „Green“ Bush, Luke Askew og Bo Hopkins. Stranglega bönnuð börnum.
- 1.55 **Dagskrárlok.**

RÁS 1
FM 92.4/93.5

- 6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Guðmundur Óskar Ólafsson flytur.
- 7.00 **Fréttir.**
- 7.03 **Í morgunsárið.** – Randver Þorláksson. Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Margrét Pálsdóttir talar um daglegt mál laust fyrir kl. 8.00.
- 9.00 **Fréttir.**
- 9.03 **Heilsuhornið.** Halldóra Björnsdóttir leiðbeinir hlustendum um heilbrigði og hollustu. Morgunleikfimi verður í lok þáttarinnar.
- 9.30 **Íslenskt mál.** Endurtekinn þáttur frá laugardegi sem Guðrún Kvaran flytur.
- 9.45 **Búnaðarþátturinn.** – Eðlileg hlutdeild nautakjöts í kjötrframleiðslunni. Ólafur E. Stefánsson ráðunautur flytur. Fyrri þáttur.
- 10.00 **Fréttir.**
- 10.10 **Veðurfregnir.**
- 10.30 **Stíklar á stóru um hlutleysi,** hernám og hververnd. Annar þáttur af átta. Umsjón: Pétur Pétursson. (Einnig útvarpað á miðvikudagskvöld kl. 21.00.)
- 11.00 **Fréttir.**
- 11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Bergljót Haraldsdóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)

- 11.53 **Á dagskrá.** Litið yfir dagskrá mánuðagsins í Útvarpinu.
- 12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
- 12.15 **Daglegt mál.** Endurtekinn þáttur frá morgni sem Margrét Pálsdóttir flytur.
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
- 13.00 **Í dagsins önn.** – Íþróttir aldreaða. Umsjón: Steinunn Harðardóttir.
- 13.30 **Miðdegissagan:** Svona gengur það eftir Finn Seborg. Ingibjörg Bergþórsdóttir þýddi. Barði Guðmundsson byrjar lesturinn.
- 14.00 **Fréttir.**
- 14.03 **Á frivaktinni.** Þóra Marteinsdóttir kynnir óskalog sjómanna. (Einnig útvarpað aðfaranótt fimmtudags kl. 3.00.)
- 15.00 **Fréttir.**
- 15.03 **Rimsirams.** Guðmundur Andri Thorsson rabbar við hlustendur. (Endurtekið frá deginum áður.)
- 15.25 **Lesið úr forustugreinum landsmálblaða.**
- 16.00 **Fréttir.**
- 16.03 **Dagbókin.**
- 16.08 **Á dagskrá.**
- 16.15 **Veðurfregnir.**
- 16.20 **Barnaútvarpið.** – Hvernig verður bókinn til? Umsjón: Kristín Helgadóttir.
- 17.00 **Fréttir.**
- 17.03 **Tónlist á síðdegis.** – Reinecke, Weber og Danzi.
- 18.00 **Fréttir.**
- 18.03 **Að utan.** Fréttarþáttur um erlend málefni. (Einnig útvarpað að loknum fréttum kl. 22.07.)
- 18.10 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Einnig útvarpað í næturútvarpinu kl. 4.40.)
- 18.30 **Tónlist.** Tilkynningar.
- 18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.30 **Tilkynningar.**
- 19.32 **Um daginn og veginn.** Þórunn Gestsdóttir ritstjóri talar.
- 20.00 **Litli barnatíminn:** Kári litli í skólanum eftir Stefán Júlíusson. Höfundur byrjar lestur sögu sinnar.
- 20.15 **Barokktónlist.**
- 21.00 **Fast þeir sóttu sjóinn.** Umsjón: Kristján Guðmundsson. (Frá Ísafirði)
- 21.30 **Útvarpsagan:** Haust í Skirisskógi eftir Þorstein frá Hamri. Höfundur byrjar lestur sögu sinnar.
- 22.00 **Fréttir.**
- 22.07 **Að utan.** Fréttarþáttur um erlend málefni. (Endurtekinn frá sama degi.)
- 22.15 **Veðurfregnir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
- 22.30 **Samantekt um kommúnismann í Austur-Evrópu.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson. Síðari hluti. (Einnig útvarpað á miðvikudag kl. 15.03.)
- 23.10 **Kvöldstund í dúr og moll** með Knúti R. Magnússyni.
- 24.00 **Fréttir.**
- 0.10 **Samhljómur.** Umsjón: Bergljót Haraldsdóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
- 1.00 **Veðurfregnir.**
- 1.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**



- 7.03 **Morgunútvarpið.** – Vaknið til lífsins! Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum.
- 8.00 **Morgunfréttir.** – Bibba í málhreinsun. 9.03 Morgunssýra. Eva Ásrún Albertsdóttir og Aslaug Dóra Eyjólfssdóttir. Stóra spuningin kl. 9.30, hvundagsheftjan kl. 9.50, neytendahorn kl. 10.03 og afmælskvæður kl. 10.30. Bibba í málhreinsun kl. 10.55. (Endurtekinn úr morgunútvarpi.) Þarfing með Jóhönnu Harðardóttir kl. 11.03.
- 12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Umhverfis landið á áttatíu** með Gestí Einarí Jónassyni. (Frá Akureyri)
- 14.03 **Hvað er að gerast?** Lisa Pálsdóttir kynnir allt það helsta sem er að gerast í menningu, félagslífi og fjölmiðlum.
- 14.06 **Milli mála.** Árni Magnússon leikur nýju lögin. Stóra spurningin. Spurningakeppni vinnustaða, stjórndandi og dómari Flosi Eiríksson kl. 15.03
- 16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp. Stefán Jón Hafstein, Guðrún Gunnarsdóttir, Sigurður Þór Salvarsson, Þorsteinn J. Vilhjálmsson og Sigurður G. Tómasson. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00. – Stórmál dagsins á sjöttu tímanum.
- 18.03 **Þjóðarsálin og málið.** Ólína Þorvarðardóttir fær þjóðarsálin til liðsinnis í málrækt.
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.32 **Blítt og létt....** Gyða Dröfn Tryggvadóttir rabbar við sjómenn og leikur óskalog. (Einnig útvarpað kl. 3.00 næstu nótt á nýrri vakt.)
- 20.30 **Útvarp unga fólksins.** Við hljóðnemann eru: Sigrún Sigurðardóttir og Oddný Eir Ávassdóttir.
- 21.30 **Fræðsluvarp:** Lyt og lær. Annar þáttur dönskukennslu á vegum Bréfasólans. (Einnig útvarpað nk. fimmtudagskvöld á sama tíma.)

- 22.07 **Bláar nótur.** Pétur Grétarsson kynnir djass og blús. (Úrvali útvarpað aðfaranótt laugardags að loknum fréttum kl. 5.00.)
- 0.10 **Í háttinn.**
- 1.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**
- 1.00 **Áfram ísland.** Dægurlög flutt af íslenskum tónlistamönnum.
- 2.00 **Fréttir.**
- 2.05 **Eftirlætislögin.** Svanhildur Jakobsdóttir spjallar við Jóhann Pétur Sveinsson sem velur eftirlætislögin sín. (Endurtekinn þáttur frá þriðjudegi á rás 1.)
- 3.00 **Blítt og létt....** Endurtekinn sjómannaþáttur Gyðu Drafnar Tryggvadóttur frá liðnu kvöldi.
- 4.00 **Fréttir.**
- 4.05 **Glefsur.** Úr dægurmálaútvarpi mánuðagsins.
- 4.30 **Veðurfregnir.**
- 4.40 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Endurtekinn þáttur frá deginum áður á rás 1.)
- 5.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.
- 5.01 **Lisa var það,** heillin. Lisa Pálsdóttir fjallar um konur í tónlist. (Endurtekið úrval frá miðvikudagskvöldi á rás 2.)
- 6.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.
- 6.01 **Á gallabuxum og gúmmiskóm.** Leikin lög frá sjötta og sjöunda áratugnum.



- 7.00 **Haraldur Kristjánsson og Sigursteinn Músson.** Fréttatengdur morgunþáttur, mannleg viðtöl og fróðleikur í bland við morguntónlistina.
- 9.00 **Páll Þorsteinsson.** Vinir og vandamenn kl. 9.30. Gullkonu og fróðleiksmólar og umfram allt góð tónlist.
- 12.00 **Valdis Gunnarsdóttir** í rólegheitunum í hádeginu. Púlsinn tekinn á þjóðfélaginu, tónlist og spjall.
- 15.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson** leikur öll uppáhaldslögin. Viðtöl og það helsta sem er að gerast í íþróttum á degi hverjum.
- 19.00 **Snjólfur Teitsson.** Kvöldmatartónlist.
- 20.00 **Ágúst Héðinnsson** athugar veður og færð, flug og bið.
- 22.00 **Undir fjögur augu.** Bjarni Dagur Jónsson tekur á viðkvæmum málum, því sem þú þorðir ekki að spyrja um. Bjarni fær sérfræðinga í heimssök og hefur símann opinn 611111.
- 24.00 **Dagskrárlok.**



- 7.00 **Bjarni Haukur Þórsson.** Ungir Íslendingar í morgunspjalli. Morguntónlist eins og hún gerist best. Bjarni er hress á morgnana.
- 11.00 **Snorri Sturluson.** Vinsældapopp- og lögin á B-hliðinni.
- 15.00 **Sigurður Helgi Hlíðversson.** Siggi fylgir þér heim, það er stutt í húmorinn. Nýjasta tónlistin og þú heyrir alltaf inná milli þessi gömlu göðu.
- 19.00 **Stanslaus tónlist.** Ekkert kjaftæði!
- 20.00 **Kristófer Helgason.** Það skiptir ekki máli hvað þú ert að gera, tónlistin á Stjórnunni er sú rétta.
- 1.00 **Björn Þórir Sigurðsson.** Nýjasta ferskaða og vandaðasta tónlistin á öldum ljósvakans. Næturvakt með BUSSA er málið. Síminn er 622939.



- 16.00 **MS.**
- 18.00 **FB.**
- 20.00 **MH.**
- 22.00 **MR.**
- 1.00 **Dagskrárlok.**



- 7.00 **Benni Elfar.**
- 10.00 **Kristján Jónsson.**
- 13.00 **Amór Björnsson.**
- 15.00 **Finnbogi Gunnlaugsson.**
- 17.00 **Ivar Guðmundsson.**
- 19.00 **Guðný Mekkinósdóttir.**
- 22.00 **Árni Vilhjálmur Jónsson.**
- 3.00 **Arnar Þór Óskarsson.**



- 9.00 **Rótartónar.**

- 13.00 **Sagan.**
- 13.30 **Af vettvangi** baráttunnar. E.
- 15.30 **Um Rómönsku Ameríku.** E.
- 16.30 **Umrót.** Tónlist, fréttir og upplýsingar um félagslífi.
- 17.00 **Búseti.**
- 18.00 **Á mannlegu nótnum.** Flokkur mannsins.
- 19.00 **Unglingabáttur.**
- 20.00 **FES.** Unglingabáttur. Umsjón Bragi og Þorgeir.
- 21.00 **FRAT.** Tónlistarþáttur með Gauta Sigurbórssyni.
- 22.00 **«» 5 mín.** Nútímatónlist í umsjá Gunnars Grímssonar.
- 23.30 **Rótardraugar.** Lesnar draugasögur fyrir háttinn.
- 24.00 **Næturvakt**



- 18.00–19.00 **Menning á mánuðegi.** Liðstafólk tekið tali o.fl.



- 4.30 **Viðskiptaþáttur.**
- 5.00 **The DJ Kat Show.** Barnaþáttur.
- 8.30 **Super Password.** Spurningaþáttur.
- 9.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
- 9.30 **Sky by Day.** Fréttarþáttur.
- 10.30 **A Problem Shared.** Fræðsluþáttur.
- 11.00 **Another World.** Framhaldsflokkur.
- 11.55 **General Hospital.** Framhaldsflokkur.
- 12.50 **As the Worlds Turns.** Sápuþæra.
- 13.45 **Loving.**
- 14.15 **Young Doctors.** Framhaldsflokkur.
- 15.00 **Poppþáttur.**
- 16.00 **Sky Star Search.** Hæfileikaþéppni.
- 17.00 **The New Price is Right.** Spurningaleikur.

- 17.30 **Sale of the Century.** Spurningaleikur.
- 18.00 **All.** Gamanmyndaflokkur.
- 19.00 **Ameríka.** Minisería.
- 21.00 **Jameson Tonight.** Rabbþáttur.
- 22.00 **Fréttir.**
- 22.30 **The Untouchables.** Spennu- myndaflokkur.
- 23.30 **Poppþónlist.**



- 13.00 **The Perfect Match.**
- 15.00 **Dr. Who and the Daleks.**
- 17.00 **Words Bye Heart.**
- 19.00 **I Know My Name is Stephen,** part 1.
- 21.00 **The Fourth Protocol.**
- 23.00 **The Honorary Consul.**
- 00.45 **The Annihilators.**
- 03.00 **Black Widow.**




- 9.00 **Kappakstur.** Grand-Prix keppni í Japan.
- 11.00 **Fimleikar.** Heimsmeistarakeppnin sem fram fer í Stuttgart.
- 13.00 **Fótbolti.** Leikur í rússnesku deildarkeppninni.
- 14.00 **Showjumping.** Bestu hestar í Evrópu sýna listir sínar í Finnlandi.
- 15.00 **Golf.** Woman's European Masters haldið í Belgíu.
- 16.00 **Showjumping.** Bestu hestar í Evrópu sýna listir sínar í Finnlandi.
- 17.00 **Tennis.** Women's International, haldið í Zürich.
- 18.00 **Ishokki.** Leikur í atvinnumannadeildinni í Bandaríkjunum.
- 20.00 **Eurosport – What a Week!** Litið á helstu viðburði liðinnar viku.
- 21.00 **International Motor Sports.** Fréttatengdur þáttur um kappakstur.
- 22.00 **Hnefaleikar.** Frægur keppni.
- 23.00 **Ishokki.** Leikur í atvinnumannadeildinni í Bandaríkjunum.



- 14.30 **Tónlist og tiska.**
- 15.30 **Vinsældalistar.**
- 16.30 **On the Air.** Skemmtiþáttur.
- 17.30 **Off the Wall.** Tónlist og fréttir úr tónlistarheiminum.
- 18.30 **Time Warp.** Framtíðarþáttur.
- 19.00 **Tourist Magazine.** Ferðaþáttur.
- 19.30 **Ferðalag til Japans.** Ferðaþáttur.
- 20.00 **The Discovery Zone.** Fræðslumyndaflokkur.
- 21.00 **Fréttir og veður.**
- 21.10 **Discovery Zone.** Fræðslumyndaflokkur.
- 22.10 **Kingdom of the Ice Bear.** Fræðslumynd.
- 23.10 **Fréttir og veður.**
- 23.20 **Evrópuvinsældalistinn.**
- 00.20 **Time Warp.** Gamlar klassískar vísendamyndir.

Mánudagur 23. október



Ray (Steve Kanaly) býr sig undir að gefa Bobby (Patrick Duffy) einn vel útlátinn eftir að sá síðarnefndi hafði gert tilraun til að leggja bar einn í rúst.

Stöð 2 kl. 20.30:

Dallas

Pam er horfin og í örvæntingu dettur Bobby svo harkalega í það að kalla verður til bræður hans, JR og Ray, til að koma í veg fyrir að hann rústi bar nokkurn. Þetta er eitt af mörgum vandamálum Ewingfjölskyldunnar þessa dagana. Þá má geta þess að JR er við sama heygardshornið og mun í kvöld svikja

einn „vin“ sinn og Sue Ellen er enn edrú og reynir fyrir sér í viðskiptaheiminum. Það er sem sagt úr nógu að móa fyrir addáendur Dallasþáttanna í þætti sem nefnist Bróðurast og varla er hægt að ímynda sér að hér sé átt við JR, Bobby og Ray þótt engir aðrir bræður komi við sögu í myndaflokknum. -HK

Rás 1 kl. 21.30:

Haust í Skirisskógi

Þorsteinn frá Hamri byrjar í kvöld að lesa sögu sína Haust í Skirisskógi. Eins og nafnið bendir til er hér höfðað til Hróa hattar og kappa hans, Litla Jóns og Vilhjálmsskarlats. En sagan er ekki öll þar sem hún er séð því að Þorsteinn notar forn sagnaminni í frásögn af íslensku nútímalífi. Hann nýtir þannig íslenskar þjóð-

sögur og erlent efni að vild. Í fyrsta lestri kemur við sögunna Alo Eddin sem er ættaður úr ferðasögu Marco Polos. Haust í Skirisskógi kom út 1980 og verður hún lesin í átta lestrum á tímum útvarpsögunnar á sunnudags-, mánuðags- og þriðjudagskvöldum.



Fyrsta kvikmyndastjarna Sovétríkjanna, Lybov Orlova, leikur eitt aðalhlutverk í Djassgeggjum.

Stöð 2 kl. 22.50:

Djassgeggjarar

Djassgeggjarar gæti verið nafn á bandarískri kvikmynd frá fjórða áratugnum en svo er nú ekki. Að vísu er myndin frá fjórða áratugnum en er rússnesk þótt ótrúlegt sé. Myndin er fjórlegur gamansöngleikur sem fjallar um hjarðsvein sem fer að lifa og hrærast í leiklistarhringinu Moskvuborgar.

Leikstjórn sinni fyrstu mynd 1930 en Djassgeggjarar er af flestum talinn vera hans merkasta kvikmynd. Myndin er mjög ólík þeim kvikmyndum sem voru gerðar í Sovétríkjunum á þessum árum og eru í raun gerðar enn þótt heldur hafi losað um reipið á undanföllum árum.

Eitt aðalhlutverk í myndinni leikur Lybov Orlova en það má með sanni segja að hún sé fyrsta kvikmyndastjarna Sovétríkjanna. -HK